

# **Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla**

**- Gerð námsáætlana og einstaklingsnámskráa-**



## Efnisyfirlit

Opinber fyrirmæli.....	3
Námsáætlanir og einstaklingsnámskrár – skilgreiningar .....	3
Gerð námsáætlana og einstaklingsnámskráa í Öskjuhlíðarskóla .....	4

## Opinber fyrirmæli

Í grunnskólalögum og reglugerðum er kveðið á um frávík frá kennslu samkvæmt lögum og aðalnámskrá grunnskóla.

Í 3. grein laga um grunnskóla segir m.a.:

Sveitarfélög skulu annast rekstur sérdeilda/sérskóla fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild grunnskóla. Þeim er ætlað:

- að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma,
- að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu í sérdeildum/sérskólum þar sem því verður við komið. Menntamálaráðherra staðfestir starfsreglur sérdeilda/sérskóla að fengnum tillögum sveitarstjórna. Í starfsreglum skal kveðið á um frávík frá almennri námskrá og öðrum viðmiðunum laga um grunnskóla. .... (Lög um grunnskóla nr. 66/1995, 3. gr.)

Í reglugerð um sérkennslu segir m.a.:

Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Sérkennsla einstakra nemenda eða nemendahópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum, sérskólum eða annars staðar.

Í sérkennslu felst m.a.:

- a. Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahóp eða hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og á athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Tilgreind skulu langtíma- og skammtíamarkmið með kennslunni.
- b. Kennsla samkvæmt námsáætlun.
- c. Skipuleg skráning og regluleg endurskoðun á námsáætlun og kennslu.

(Reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996, 3. gr.).

Í reglugerð sem gildir um nemendur á skyldunámsaldri í sérskólum og aðra þá nemendur sem af viðurkenndum greiningaraðilum eru taldir víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf grunnskóla segir m.a.:

Hver sérskóli/sérdeild skal setja sér starfsreglur samkvæmt 38. gr. lag nr. 66/1995 um grunnskóla. Í starfsreglunum skal m.a. kveðið á um frávík frá kennslu samkvæmt lögum og aðalnámskrá grunnskóla og hvernig staðið skuli að gerð námsáætlana fyrir einstaklinga eða nemendahópa. Í námsáætlunum skulu koma fram námsmarkmið. Í slíkum námsáætlunum sérskóla/sérdeilda og í námsáætlunum fyrir aðra nemendur samkv. 1. grein skulu koma fram námsmarkmið og lýsing á námsmati.

(Reglugerð um námsmat nemenda sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf nr. 709/1996, gr. 2).

## Námsáætlanir og einstaklingsnámskrár – skilgreiningar

Í fylgiskjali 33 við starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2005 er m.a. að finna skilgreiningar á hugtökunum: einstaklingsnámskrá og einstaklingsáætlun:

### Einstaklingsnámskrá

- Er ítarleg áætlun, fyrir fatlaðan nemanda eða nemanda með miklar sérþarfir, sem unnin er af kennara í samráði við foreldra og nemandann sjálfan, ef við á. Hún byggir á aðalnámskrá en felur oft í sér veruleg frávik frá henni og tekur til markmiða, inntaks, leiða og námsmats fyrir ákveðið tímabil. Hún byggir jafnframt á viðmiðum, greinandi prófum og skimunarprófum.

### Einstaklingsáætlun

- Formleg áætlun sem nemandi setur sér fyrir ákveðið tímabil í samvinnu við kennara sinn og foreldra. Áætlunin nær til þeirra meginmarkmiða sem nemandinn hyggst ná í náminu og þeirra leiða sem hann ætlar að fara og byggir á mati á stöðu hans. Áætlunin byggir á markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár (Einstaklingsáætlun er ekki einstaklingsnámskrá).

Í aðalnámskrá grunnskóla 1999 segir m.a. svo um kennslu og kennsluhætti í grunnskólum:

... Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að markmiðum og nemendum, eykur líkur á árangri. ....

... Markmið skólustarfs eru margvísleg, allt frá markmiðum, sem varða afmarkaða þætti kunnáttu, leikni og viðhorfa, til langtímamarkmiða sem skólum er ætlað að sinna og einstaklingar halda áfram að vinna að eftir að skólagöngu lýkur. Grunnskólinn á að skila af sér sjálfstæðum nemendum sem hafa öðlast sjálfstraust og öryggi.

(Aðalnámskrá grunnskóla 1999, Almennur hluti bls. 31).

## **Gerð námsáætlana og einstaklingsnámskráa í Öskjuhlíðarskóla**

Nám nemenda í Öskjuhlíðarskóla er einstaklingsmiðað. Í byrjun skólustarfs á haustin vinna kennarar og annað starfsfólk bekkjardeilda að gerð einstaklingsnámskráa og áætlana fyrir bekkjardeildir út frá fyrirliggjandi upplýsingum. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur m.a. í móðurmáli og stærðfræði og öðrum þeim námsþáttum sem aðlaga þarf sérstaklega að þörfum einstakra nemenda. Drög að einstaklingsnámskrám eru kynnt fyrir foreldrum og óskað þeirra álits.

Bekkjaráætlanir eru gerðar fyrir alla bekki skólans og taka þær mið af skólanámskrá. Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla byggist á stigskiptingu námsgreina. Með stigskiptri námskrá er átt við að nemendum með ólíkar námsþarfir og getu sé kennt saman í hópi og hafi sameiginlegt viðfangsefni og meginmarkmið en að einstaklingarnir innan hópsins séu með mismunandi verkefni og undirmarkmið. Í samfélagsfræðigreinum og sérgreinum (myndmennt, tónmennt, heimilisfræði, íþróttum, hönnun/smíði og textílmenn) eru gerðar hópáætlanir sem birtar eru í bekkjaráætlunum. Viðfangsefni bekkja/hópa eru útfærð með mismunandi námsáherslum og verkefnum í mismunandi þyngdarstigum við hæfi hvers nemanda. Fyrir þá nemendur sem sökum fötlunar sinnar eiga ekki möguleika á að fylgja hópáætlunum í samfélagsfræði og sérgreinum eru gerðar einstaklingsnámskrár.

Bekkjaráætlanir og einstaklingsnámskrár eru kynntar fyrir deildarstjórum og skólastjórnendum. Einstaklingsnámskrár eru afhentar foreldrum en bekkjaráætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Einstaklingsnámskrár eru breytilegar og í sífelldri endurskoðun. Hvert skólaár eru foreldrar boðaðir í viðtöl að hausti og skömmu eftir áramót vegna einstaklingsnámskráa og endurskoðunar þeirra. Í maímánuði berst foreldrum skriflegt námsmat og eru foreldraviðtöl í kjölfar þess.